



Námsgrein: Textílmennt

Menntun í list- og verkgreinum felst í því að nemendur vinna verklega og skapandi vinnu þar sem reynir á huga, hjarta og hönd. Námið felur í sér kerfisbundna þjálfun út frá ofangreindum þáttum í hverri námsgrein fyrir sig þar sem reynir á ólíka þætti í mismiklum mæli eftir eðli verkefna.

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur í 1. bekk fara í tvær textílmenntarlotur á skólaári, eina á haustönn og eina á vorönn 3 – 4 vikur í senn, 60 mínútur í hvert skipti einu sinni í viku. Fyrstu skrefin í list- og verkgreinum eru að kynnast greinastofunum, áhöldum og tækjum sem þeim fylgja og reglum sem þar eru í gildi. Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Námsgögn: Námsgögn frá kennara, af vef, úr bókum og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">- Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.- Unnið úr nokkrum gerðum textílefna- Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.- Skreytt textílvinnu á einfaldan hátt.	Námsgreinin textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum. Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda á Mentor.

<p>- Gengið frá og tekið ábyrgð á sínu verkefni og þeim áhöldum sem verið er að nota hverju sinni.</p>	<p>vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt.</p> <p>Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum.</p>	
--	---	--